

**3508. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
15. september 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

- 2209137 - Lækjarflói 8 - umsókn um byggingarlóð og frestun gatnagerðargjalda**

Umsókn Merkjaklappar ehf. um lóð við Lækjarflóa 8.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda sem og umbeðin greiðslufrest sem er í samræmi við úthlutunarreglur lóða í Flóahverfi sem tilheyra grænum iðngörðum. Lóðin er ein þeirra lóða sem markaðssamningur Akraneskaupstaðar og Merkjaklappar ehf. tekur til sbr. afgreiðslu bæjarstjórnar Akraness frá 25. maí 2021, fund nr. 1334, dagskrálið nr. 4 og er innan þess tímaramma sem samningurinn markar.*

*Samþykkt 3:0*

- 2209136 - Lækjarflói 6 - umsókn um byggingarlóð og frestun gatnagerðargjalda**

Umsókn Merkjaklappar ehf. um lóð við Lækjarflóa 6.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda sem og umbeðin greiðslufrest sem er í samræmi við úthlutunarreglur lóða í Flóahverfi sem tilheyra grænum iðngörðum. Lóðin er ein þeirra lóða sem markaðssamningur Akraneskaupstaðar og Merkjaklappar ehf. tekur til sbr. afgreiðslu bæjarstjórnar Akraness frá 25. maí 2021, fund nr. 1334, dagskrálið nr. 4 og er innan þess tímaramma sem samningurinn markar.*

*Samþykkt 3:0*

- 2209135 - Lækjarflói 4 - umsókn um byggingarlóð og frestun gatnagerðargjalda**

Umsókn Merkjaklappar ehf. um lóð við Lækjarflóa 4.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda sem og umbeðin greiðslufrest sem er í samræmi við úthlutunarreglur lóða í Flóahverfi sem tilheyra grænum iðngörðum. Lóðin er ein þeirra lóða sem markaðssamningur Akraneskaupstaðar og Merkjaklappar ehf. tekur til sbr. afgreiðslu bæjarstjórnar Akraness frá 25. maí 2021, fund nr. 1334, dagskrálið nr. 4 og er innan þess tímaramma sem samningurinn markar.*

*Samþykkt 3:0*

- 2209134 - Lækjarflói 2 - umsókn um byggingarlóð og frstun**

## gatnagerðargjálda

Umsókn Merkjaklappar ehf. um lóð við Lækjarflóa 2.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda sem og umbeðin greiðslufrest sem er í samræmi við úthlutunarreglur lóða í Flóahverfi sem tilheyra grænum iðngörðum. Lóðin er ein þeirra lóða sem markaðssamningur Akraneskaupstaðar og Merkjaklappar ehf. tekur til sbr. afgreiðslu bæjarstjórnar Akraness frá 25. maí 2021, fund nr. 1334, dagskrálið nr. 4 og er innan þess tímaramma sem samningurinn markar.*

*Samþykkt 3:0*

### 5. 2208169 - Grundaskóli - stöðugildi 2022 - 2023

Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri situr fundinn undir þessum dagskrálið.

*Bæjarráði barst erindi frá skólastjóra Grundaskóla en einnig liggur fyrir bréf stjórn foreldrafélags Grundaskóla og fulltrúum foreldra í skólaráði Grundskóla varðandi mönnun innan skólans.*

*Í erindinu er óskað eftir endurskoðun á stöðugildum í stoðþjónustu skólans til þess að mæta þörfum sem hafa skapast vegna stærðar skólans og þrónar í margbreytileika hans. Einig er óskað eftir fjölgun stöðugilda í stjórnun skólans.*

*Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og samþykkir að skólastjóri þrói samsetningu á stöðugildum í stoðþjónustu til samræmis við rökstuddar óskir sem koma fram í erindi skólastjóra.*

*Launaáætlun fyrir næsta skólaár sem nú liggur fyrir rammar inn þau markmið sem bæjarráð samþykkir.*

*Gert er ráð fyrir að skólastjóri fundi með deildarstjóra fjármála- og þjónustusviðs í febrúar og í apríl til þess að meta fjárhagsstöðu skólans og hvort ákvörðun um stöðugildafjölgunina sé innan fjárhagsramma eða muni kalla á ákvörðun um viðauka.*

*Bæjarráð samþykkir að vegna stærðar Grundaskóla verði gert ráð fyrir einu viðbótarstöðugildi í stjórnun fyrir skólaárið 2023 - 2024.*

*Samþykkt 3:0*

*Dagný Hauksdóttir víkur af fundi.*

### 6. 2208142 - Lóðir - reglur um úthlutun og afturköllun

Bæjarráð samþykti á fundi sínum þann 25. ágúst sl. að lóðarhafar sbr. lista frá byggingarfulltrúa fengju lokafrest til að skila inn nauðsynlegtum gögnum svo byggingarfulltrúi gæti gefið út byggingarleyfi.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri og Karl Jóhann Haagensen sitja fundinn undir þessum dagskrálið sem og undir dagskráliðum nr. 7 og nr. 8.

*Bæjarráð, með vísan til fyrirliggjandi minnisblaðs sviðsstjóra og byggingarfulltrúa, samþykkir afturköllun úthlutunar vegna eftirfarandi lóða:*

- Skógarlundur 3 (engin gögn hafa borist)
- Skógarlundur 5 (engin gögn hafa borist)
- Lækjarflói 16 (engin gögn hafa borist)
- Lækjarflói 18 (engin gögn hafa borist)

**Samþykkt 3:0**

Bæjarráð, með vísan til fyrirliggjandi minnisblaðs sviðsstjóra og byggingarfulltrúa, samþykkir að veita lóðarhafa Suðurgötu 106, tveggja vikna frest til að skila inn viðhlítandi gögnum til útgáfu byggingarleyfis en vegna lagnaframkvæmda á svæðinu var lóðarhafa ókleift að hefja framkvæmdir á lóðinni.

**Samþykkt 3:0**

Bæjarráð felur sviðsstjóra fjármála- og þjónustusviðs að hlutast til um gerð leiðbeininga til lóðarhafa þar sem listað er upp með skýrum hætti þau gögn og tímafrestir sem tilgreindir eru í gatnagerðargjaldskrá Akraneskaupstaðar nr. 666/2022 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 til útgáfu byggingarleyfis byggingarfulltrúa. Leiðbeiningarnar verði birtar á heimasiðu Akraneskaupstaðar og fylgi tilkynningum til umsækjenda lóða við ákvörðun bæjarráðs um úthlutun byggingarréttar hverju sinni.

**Samþykkt 3:0****7. 2209068 - Árnahús - Sólmundarhöfði 2**

Frumkostnaðaráætlun vegna endurbóta lögð fram.

Líf Lárusdóttir víkur af fundinum, Einar Brandsson tekur sæti í hennar stað og situr einnig fundinn undir þeim dagskráliðum sem eftir eru þ.e. nr. 7 til og með nr. 10.

*Lagt fram.*

Bæjarráð telur mikilvægt að mannvirkin verði endurbyggð en huga þarf að ýsmum þáttum í því sambandi svo sem nýtingu svæðisins, framtíðarmöguleikum á stækkun Höfða o.fl. Einnig er mögulegt að endurbygginn mannvirkjanna fari fram í áföngum og að unnt sé að sækja styrki af ýmsum toga, hjá Minjastofnun, Húsfriðunarsjóð, SSV o. fl.

Bæjarráð vísar málín til umræðu hjá bæjarfulltrúum vegna fjárhagsaáætlunargerðar vegna ársins 2023 og þriggja ár tímabils 2014 til og með 2026.

3:0

**8. 2208141 - Flóahverfi - úthlutun lóða**

Samningsdrög vegna úthlutunar lóða til stærri aðila sem áhuga hafa að koma með starfsemi sína í Flóahverfi.

Ívar Pálsson lögmaður situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir meðfylgjandi aðferðarfræði og reglur vegna fyrirhugaðrar úthlutunar lóða í Flóahverfi, svæði A og B, en lóðirnar eru ekki byggingarhæfar en áformað að fara í gatnagerð þar á næstu tveimur árum.

**Samþykkt 3:0**

Ívar Pálsson og Karl Jóhann Haagensen víkja af fundi.

**9. 2208122 - Grasvöllur ÍA á Jaðarsbökkum - vökvunarkerfi**

Erindi KFÍA varðandi vökvunarkerfi.

Eggert Herbertsson formaður KFÍA getur komið á fundinn til að fylgja eftir erindinu ef vilji er fyrir því af hálfu bæjarfulltrúa.

Sigurður Páll Harðarson situr einnig fundinn undir þessum dagskrálið.

Lagt fram.

*Beðið er minnisblaðs frá KFÍA um forgangsröðun verkefna og fer það til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisráði em samkvæmt upplýsingum frá formanni KFÍA mun félagið óska eftir að þetta mál verði í forgangi.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins en til greina kemur að framkvæmdinni verði flytt og afgreidd á yfirstandandi fjárhagsári með viðauka.*

*Samþykkt 3:0*

Sigurður Páll Harðarson víkur af fundi.

**10. 2109144 - Starfshópur um stefnumótun öldrunarþjónustu**

Tillaga um stofnun starfshóps um stefnu í öldrunarþjónustu Akraneskaupstaðar.

*Bæjarráð samþykkir stofnun starfshópsins og fyrirliggjandi erindisbréf.*

*Gert er ráð fyrir að starfshópurinn taki til starfa 1. október næstkomandi og skili af sér skýrslu og tillögum til bæjarráðs þann 30. september 2023.*

*Samþykkt 3:0*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:15.

*Lif Lárusdóttir*

*Valgerður Þórssdóttir*

*Ragnar Sæmundsson*

*Einar Brundsson*

*Stein Þór Krýsni*

*Steina Æblyndou*